

Alþingi
Erindi nr. P 131/1107
komudagur 14.3.2005

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2005.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum, 131. löggjafarþing 2004 - 2005, þskj. 143 - 143. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Frumvarp sama efnis var flutt á 130. löggjafarþingi en er endurflutt með breytingum sem einkum taka mið af athugasemdum í umsögnum Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands er bærust við meðferð málsins á því þingi. Laganefnd LMFÍ hefur af því tilefni kynnt sér þær umsagnir sem bærust við fyrra frumvarp, 852. mál á síðasta þingi, en Laganefnd skilaði þá ekki umsögn.

Laganefnd telur að fullt tilefni sé til að taka til endurskoðunar og setja skýrari reglur um stjórnir lífeyrissjóða, stjórnarmenn og starfsmenn sem vinna við eignastýringu hjá sjóðunum samanber það sem segir hér fyrir neðan um einstakar frumvarpsgreinar.

1. gr. Kjörtímabil stjórnar og tímalengd stjórnarsetu

Laganefnd fellst á röksemdir fyrir því að æskilegt sé að kveða á um hámarks lengd kjörtímabils stjórnarmanna.

2. gr. Sjálfstæðir og óháðir stjórnarmenn hlutafélaga

Í tengslum við hina nýju stjórnháttumræðu (Corporate Governance) og í framhaldi af útgáfu leiðbeininga Verslunarráð Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja þann 16. mars 2004 er að mati Laganefndar eðlilegt að hugað sé að reglum um tilnefningu lífeyrissjóða í stjórnir stofnana eða atvinnufyrirtækja, líkt og ráðgert er í frumvarpsgreininni, en eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu sitja 70% stjórnarmanna lífeyrissjóða í stjórn hlutafélaga eða einkahlutafélaga, að meðaltali sitja þeir í stjórn fjögurra félaga og tæplega 40% sitja í tveimur stjórnnum eða fleiri. Í tölulið 2.5 áður nefndra leiðbeininga kemur fram að æskilegt sé að meirihluti stjórnar sé óháður hlutafélagi og að auki sé æskilegt að tveir stjórnarmanna hið minnsta séu óháðir stórum hluthöfum í félaginu sé miðað við 5 manna stjórn.

3. og 4. gr. Hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða og starfsmanna

Laganefnd telur eðlilegt að sambærilegar kröfur séu gerðar til stjórnarmanna lífeyrissjóða og gerðar eru til stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum skv. VII. kafla laga nr. 161/2002, bæði um almennt og sérstakt hæfi. Það sama á við um hæfisskilyrði starfsmanna lífeyrissjóðs í verðbréfaviðskiptum og eignastýringu. Laganefnd telur því til mikilli bóta að setja ákvæði þau sem ráðgerð eru í frumvarpsgreinunum.

Laganefnd telur að öðru leyti ekki vera hlutverk sitt að fjalla um nánari útfærslu skýrari reglna um ábyrgð stjórnenda og hæfi þeirra og starfsmanna, stjórnarsetu og hverja stjórn geti tilnefnt í stjórn fyrirtækja sem sjóður á fulltrúa í, en leggur áherslu á að markmið slíkra reglna hlýtur ávallt að vera að hæfasta fólkið veljist til slíkra starfa, jafnt konur sem karlar.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.